



Íslandsmót einstaklinga með forgjöf 2015

Íslandsmót einstaklinga með forgjöf, verður haldið í Keiluhöllinni Egilshöll og Keiluhöllinni Öskjuhlíð dagana 28.feb. – 3. mars.

Forkeppni - helgina 28.feb. – 1. mars kl. 10:00 í Keiluhöllinni Öskjuhlíð og Egilshöll.

Allir keppendur spila 8 leiki í forkeppninni, 4 leiki hvorn dag, annan daginn í Keiluhöllinni Öskjuhlíð og hinn daginn í Keiluhöllinni Egilshöll. Efstu 12 karlarnir og efstu 12 konurnar halda áfram í milliriðil.

Verð í forkeppni kr. 6.500.-

Milliriðill - mánudaginn 2. mars kl. 19:00 í Keiluhöllinni Egilshöll

Efstu 12 karlarnir og 12 konurnar spila 4 leiki í milliriðli. Efstu 6 karlarnir og efstu 6 konurnar halda áfram í undanúrslit. Verð í milliriðil er kr. 3000.-

Undanúrslit - þriðjudaginn 3. mars kl. 19:00 í Keiluhöllinni Egilshöll

Efstu 6 karlarnir og efstu 6 konurnar spila 5 leiki, allir við alla, einfalda umferð.

Verð í undanúrslit kr. 3.700 kr.-

Úrslit - þriðjudaginn 3. mars strax að loknum undanúrslitum

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (1/2 stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall.

Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Olúburður í mótinu er [2013 EBT 14 – BNC Open](#) 39 fet Ratio 2,36

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um [Íslandsmót einstaklinga með forgjöf](#).

[Skráning fer aðeins fram á netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 26. Feb. kl. 22:00

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir